

Fornleifaskráning vegna Aðalskipulags Akureyrar 2018-2030

Nýbyggingarsvæði norðan Síðubrautar og vestan Borgarbrautar



Katrín Gunnarsdóttir fornleifafræðingur Ma.
Júní 2016

Efnisyfirlit

INNGANGUR	3
FORNLEIFAR OG TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.....	3
LÖG UM MENNINGARMINJAR. Í 1. GREIN MINJALAGA SEGIR SVO:.	3
AÐFERÐ VIÐ SKRÁNINGU.....	5
SKILMÁLAR AÐALSKIPULAGS	6
SKRÁNINGARSVÆÐIÐ.....	7
SKRÁNING 1998: EY-240 Í LANDI MÝRARLÓNS.....	7
SKRÁNING 1998	8
NIÐURSTÖÐUR:	9
HEIMILDIR:	10
FORSÍÐUMYNDIR:.....	10
KORT.....	11

Inngangur

Fornleifaskráning svæðis norðan Síðubrautar og vestan Borgarbrautar í landi Mýrarlóns á Akureyri fór fram í september 2017 og febrúar 2018 að beiðni sviðsstjóra skipulagssviðs Akureyrar vegna Aðalskipulags Akureyrar 2018-2030. Katrín Gunnarsdóttir fornleifræðingur MA sá um skráningu, vettvangsskoðun og skýrslugerð.

Fornleifar og tilgangur fornleifaskráningar.

Með fornleifaskráningu er hægt að fá heildarsýn yfir minjar og gildi þeirra til varðveislu vegna framkvæmda af mannavöldum eða að náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt.

Lög um menningarminjar. Í 1. grein minjalaga segir svo:

Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða.

Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lög þessi ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu. Lög þessi eiga að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarminjum og greiða fyrir rannsóknum á þeim.

Í 3. grein minjalag er gerður greinarunur á forngrípum og fornleifum sem eru greindar eftirfarandi:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Í 6. grein minjalaga segir um rannsóknir á fornleifum:

Með fornleifarannsókn er átt við vísindalegt starf sem unnið er til að stuðla að aukinni þekkingu á fornleifum, sem þegar er vitað um eða líklegt er að finnast muni, eða til að ganga úr skugga um hvort um þess háttar fornleifar sé að ræða á tilgreindu rannsóknarsvæði. Fornleifarannsókn felst meðal annars í vettvangsskráningu fornleifa, rannsókn og könnun fornleifa án jarðrasks og hvers kyns jarðraski sem fram fer í þeim tilgangi að afla aukinnar þekkingar á fornleifum.

Í 16. gr. Segir um *Skráning vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda*. Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt að gera samkomulag við skipulagsyfirvöld um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma.

Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum. Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum. Skyld er að heimila þá för um landareign sem nauðsynleg getur talist við framkvæmd skráningar sem gerð er fyrir opinbera aðila. Ber að sýna landeiganda tillitssemi og valda ekki raski eða ónæði að þarflausu.

Í 24 greins segir um: *Áður ókunnar fornminjar*.

Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem

unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skál Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Minjastofnun Íslands er heimilt að stöðva framkvæmdir í allt að fimm virka daga meðan rannsókn fer fram hafi stofnunin rökstuddan grun um að fornminjar muni skaðast vegna framkvæmda. Verði ekki orðið við fyrirmælum stofnunarinnar um stöðvun framkvæmda er henni heimilt að leita atbeina lögreglu ef með þarf til að framfylgja þeim og beita dagektum í því skyni, sbr. 55. gr.

*Þingskjal 1610, 140. löggjafarþing 316. mál: menningarminjar (heildarlög).1
Lög nr. 80 29. júní 2012.2*

Aðferð við skráningu

Áður en að hin eiginlega fornleifaskráning hefst er farið í gegnum þær heimildir sem eru aðgengilegar, svo sem fornbréfasafan, örnefnaskrár, jarðabækur, byggðasögur og túnakort. Þá eru einnig skoðaðar loftmyndir af viðkomandi svæði sem geta gefið upplýsingar um minjar. Þá er rætt við staðkunnuga ef hægt er að koma því við.

Vinna á vettvangi felst í því að að ganga svæðið og skoða skrá hvar minjar eru staðsettar eða hafa verið staðsettar samkvæmt heimildum. Skráning felst í að lýsa viðkomandi fornleif, hún mæld og ljósmynduð.

Í viðkomandi skýrslu fá staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, ásamt verkefnisnúmeri Minjastofnunar Íslands sem er tilvísun í kortagrunn stofnunarinnar, hér **1912** og að auki er hlaupandi númer innan verkefnisins 1912-1 o.s.frv. Þar sem fornleifaskráning hefur áður farið fram á svæðinu eru númerin á skráðum fornleifum úr þeirri skýrslu látin fylgja í sviga (dæmi: Ey-240:007 í eldri skráningunni).

Við fornleifaskráninguna er reynt að leggja mat á hvaða tegund minja er um að ræða, eins og hýbýli manna, útihús, eða nöfn staðhátta í landinu sem gefa vísbendingu svo sem eyktarmörk. Þá er athugað hversu vel viðkomandi minjar eru varðveittar, og hveru mikilli hættu þær eru í vegna verklegra framkvæmda, jarðræktar eða landrofs. Við mat þetta eru notaðir skráningarstuðlar Minjastofnunar Íslands, sem er að finna á vef stofnunarinnar.

Reynt er að leggja áætlað mat á aldur minjanna, þá eru þær metnar eftir ástandi, útliti og gróðurfari í og við þær. Ef heimildir eru um aldur minjanna er þess sérstaklega getið.

Yfirlitsmynd af skráningarsvæðinu er að finna aftast í skýrslunni, ásamt töflu þar sem eru upplýsingar varðandi hverja fornleif svo sem sérheiti, og ef það hefur verið hlutverk, tegund, ástand, hættumat, hættuorsök, áætlaður aldur. Staðsetning minja er einnig gefin upp í töflum í ísnethnitum ISN 93.

Skilmálar Aðalskipulags

Aðalskipulag Akureyrar 2018-2030 er unnið af skipulagssviði Akureyrar og nær yfir báða hluta íbúðarsvæðareits ÍB23. Reitirnir eru í landi Mýrarlóns.

Í Aðalskipulaginu segir m.a.:

Markmið: Viðhalda skal tengslum við sögu og menningararf með verndunaráætlunum fyrir mannvirki og fornminjar.

Áhersla: Stefna í minjavernd og húsverndarmálum verði hluti af aðalskipulaginu.

Framkvæmd: Unnið skal áfram að fornleifaskráningu á öllu landi Akureyrar og merkingu minja um eldri tíma (t.d. gamlar þjóðleiðir, vörður, gömul landamerki o.fl.) og unnið verði áfram að örnefnaskráningu í bæjarlandinu. Unnið skal áfram að húsaskráningu sem verði stefnumarkandi fyrir deiliskipulag eldri hverfa. Sett verði ákvæði um hverfisvernd á hverfi, húsaraðir eða þyrpingar sem bera sérstök einkenni í byggingarsögu Akureyrar. Gerð verði sérstök skrá yfir byggingar og svæði með varðveislugildi ásamt yngri minjum sem tengjast sögu bæjarins þótt þær séu ekki friðaðar, og sett verði ákvæði um hverfisvernd á grundvelli hennar.

Tengsl við sögu og menningu eru mikilvæg fyrir umhverfi bæja og sveita. Skilningur fólks hefur vaknað fyrir því að mikil verðmæti eru oft fólgin í eldri byggð og minjum um búsetuhætti fyrri tíma. Fornleifar hafa menningarsögulegt gildi og rannsóknir á þeim geta varpað ljósi á horfin tímabil og verið innlegg í kennslu á því sviði. Auk þess geta þær haft efnahagslegt gildi í tengslum við ferðaþjónustu. Akureyri vill viðhalda tengslum kynslóðanna við menningarsögulega fortíð sína og uppruna með skráningu og varðveislu fornleifa.

Í skilmálum fyrir svæði ÍB23 segir

Nýbyggingarsvæði, óbyggt og ódeiliskipulagt. Blönduð byggð u.þ.b. 1340 íbúðir í einbýlis-, rað- og fjölbúlishúsum. Áætluð skipting e20%, r40%, f40%. Í fjölbúlishúsum skulu vera fjölbreytilegar íbúðastærðir.

Skráningarsvæðið

Við þessa fornleifaskráningu er skráð af markað svæði í landi Mýrarlóns.

Fornleifaskráning í landi Mýrarlóns var gerð 1998:

Fornleifaskráning í Eyjafirði X

Fornleifar í landi Akureyri norðan Glérár.

Minjasafnð á Akureyri, Fornleifastofnun Íslands

Orri Vigfússon, Sædís Gunnarsdóttir

Skráning 1998: Ey-240 í landi Mýrarlóns

Sögulegar heimildir:

Ey-240.

20 hdr. 1712. Bændaeign. Jarðabók 1712., Bls 193.

1461 7.12 selur Stulli Magnússon Magnúsi Magnússyni Krossanes og Mýrarlón – DI VIII, 58-59þ

1475 7.11. er syðra krossanes selt og “lagde opt nefndur prestur Helge magnússon til jardarinnar I Krossanesi til æfinlegrar Eignar. lækiar upptoku mýrarlóns jordu og leggja aungva peninga fyrir. en áður átt ad leggja fyrir 12 álnir á hvoriu ári. skildu þeir ad frialsu meiga grafa jord og singa sem þeir þyrftu til lækia upptokunar sem i S-Krossanese biggi. átti títt nefndur Helga prestur jordina mýrarlón þá hann giorde þenan giorning” DI VII, 62.

1520 6.6. telur Gottskálk þp Mýrarlón, 20 hdr, með 6 kúgildum landskuld 1 hdr meðal þeirra jarða sem hann hefur “keyp fyrir fullapeninga” í þpstíð sinni og ánafnar stónum – DI VIII, 728.

1525 er Mýrarlón meðal Hólakirkjuharða – DI IX, 301.

1550 25.12. er Mýrarlón, 20 hdr meðal þeirra Hólakirkjujarða sem Jón Arason hafði burt lógað – DI IX, 460.

1687 24.3. selur Magnús Björnsson Jóni bróður sínum Mýrarlón fyrir 20 hdr, en Magnús hafði erft jörðina eftir foreldra sína Björn Pálsson og Ragnheiði Magnúsdóttur – Jarðabréf, 225.

1687 21.5. selur Jón Björnsson Jóni Vigfússyni í Lögmannshlíð Mýrarlón, 20 hdr. – Jarðabréf, 243-44. Í eyði frá 1981.

1847 Mýrarlón : Í bændaeign. Dýrleiki 20/100. Landskuld 0/100. Kúgildi 2. Ábúendur 2 leiguliðar. Jarðatal J. Johnsens bls. 296.

Grænhóll, tæpir 2 ha nokkru f. aldamót og er enn í ábúð. ”Útlínur

Mýrarlónslands markast af Lóninu að vestan og norðan. Frá guddumel, nálægt merkjum Kífsár og Hesjuvalla, er bein lína í suðurbrún á klöpp sem er rétt norðan við Síðuskóla og nokkur spöl lengra til austurs að svonendu

Viðarkotsviki, rétt við gatnamót Bugðusíðu og Miðsíðu. Merkin milli Mýrarlóns

og Krossaness liggja norður-suður nálægt verksmiðjuhúsi efnaverksmiðjunnar sjafnar. Hluti Síðuhverfis er því í Múrarlónslandi. ” BE 1990, 684.

1712: ”Enginu spillir lónið (þar er lítil á) með grjótsárburði til stórskada, og mest á næstliðnum vetri. Úthagarnir eru mjög litlir, og þarf ábúandi að þiggja beit af nábúum fyrir óákveðinn góðvilja. Hætt er kvikfje fyrir lóninu, einkanlega vor og haust, og fornum torfgröfum í landinu. ” JÁM X, 193.

1918: Túnakort.4.7 ha. 1/2 slétt. Garðar 202 m².

Heimildarmaður: Jón Vikingur Guðmundsson fæddur 29. maí 1924.

Hættumat: Hætta vegna ábúðar

Heimildir: BE 1990, 666-667

Frekari heimildir um **Mýrarlón** hafa ekki komið fram frá skráningunni 1998.

Mýrarlón sjálft liggur ekki innan skipulagsvæðisins.

Skráning 1998

Ey-240:007 Grænhóll heimild um bústað. N-65.6987 E-18.1528

Býlið Grænhóll var stofnað úr landi Mýrarlóns fyrir aldamótin 1900, og stóð torfbærinn rétt norður af núverandi íbúðarhúsi (Grænhóls) þar sem nú er malarbórið hlað.

Skráning 2018.

Grænhóll liggur á nyrðri reit skráningarsvæðisins, norðan Síðubrautar.

Mýrarlón 1912 – 1

Sérheiti: Grænhóll

Hlutverk: Býli

Tegund: Heimild

Isnet hnit: = E 53.8919 N 57.8197

Aldur: 1890

Til: 1966

Ástand: Ekki sést til fornleifa

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir: Gamli bærinn á Grænhóll hefur staðið þar sem malbikaða gatan sem liggur norðan við húsið Grænhól, sem byggt var 1966, liggur nú. Húsið var byggt við hús sem stendur sunnan við og var byggt 1947.

Lýsing: Leiða má líkum að því að gamla bænum hafi verið rutt út þegar byggt var við hús frá 1947. Síðan var byggt við það í norður 1966, gatan lögð fyrir framan við nýja húsið, og bænum rutt út.

Frá götunni framan við húsið í norður má sjá allmikla ruðninga, leifar gamla bæjarins. Ruðningurinn er allt að 10 m hár í norður en lækkar til beggja enda að götunni heim að húsinu Grænhól.

Heimild: Fasteignamat Akureyrar 2018.
Orri Vigfússon, Sædís Gunnarsdóttir 1998
Fornleifaskráning í Eyjafirði X
Fornleifar í landi Akureyri norðan Glérár.
Minjasafnð á Akureyri, Fornleifastofnun Íslands

Í skráningu 1998 voru ekki skráðar neinar minjar á syðri hluta skráningarsvæðisins, vestan Borgarbrautar, og í vettvangsskoðun 2017 fundust engar minjar.

Niðurstöður:

Eftir vettvangsskoðun september 2017 og gegnumferð á heimildum fyrir þetta tiltekna svæði Aðalskipulagsins hafa ekki komið fram nánari heimildir um svæðið, en komu fram við skráningu 1998, en þar var skráð Ey-240:007 Grænhóll heimild um bústað.

Minjastofnun ríkisins hefur úthlutað þessari skráninu númerinu 1912.

1912-1 er skráð sem heimild um Grænhól. Þar stóð gamli bærinn, en honum var rutt út um 1966, og gata/hlaðið á Grænhól liggur nú þar sem bærinn hefur staðið. Lögunin á ruðningnum frá gamla bænum er í norður frá götunni/hlaðinu. Hann um 1 m hærri en hlaðið, og liggur um 7-8 m í norður. Þar sem hann er hæstur er hann um 9 m en lækkar til vesturs og austurs heim að hlaðinu.

Ekki er hægt að greina neina innrilögun á ruðningnum.

Leiða má líkum að því að ekki verði rask við ruðninginn, miða við hvernig hann liggur í landinu.

Hafa ber í huga ákvæði laga um menningarminjar um áður óþekktar fornleifar með tilvísun í VI. KAFLA, Verndun og varðveisla fornminja. 24 grein segir svo:

“Áður ókunnar fornminjar.

Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands. Minjastofnun Íslands er heimilt að stöðva

framkvæmdir í allt að fimm virka daga meðan rannsókn fer fram hafi stofnunin rökstuddan grun um að fornminjar muni skaðast vegna framkvæmda. Verði ekki orðið við fyrirmælum stofnunarinnar um stöðvun framkvæmda er henni heimilt að leita atbeina lögreglu ef með þarf til að framfylgja þeim og beita dagsektum í því skyni, sbr. 55. gr.” Heimasíða Alþingis .Menningarminjar *Þingskjal 1610, 140. löggjafarþing 316. mál: menningarminjar (heildarlög)*.

Heimildir:

Orrí Vigfússon, Sædís Gunnarsdóttir 1998
Fornleifaskráning í Eyjafirði X
Fornleifar í landi Akureyri norðan Glérár.
Minjasafnð á Akureyri, Fornleifastofnun Íslands

Aðrar heimildir:

Fasteignamat Akureyrar 2018
Heimasíða Alþingis: Menningarminjar *Þingskjal 1610, 140. löggjafarþing 316. mál: menningarminjar (heildarlög)*.

Forsíðumyndir:

Efri myndir eru teknar af Síðubraut. Á myndinni til vinstri er horft til norðurs að Grænhól og á efri myndinni til hægri er horft til norðvesturs. Neðri myndin er tekin af Sjafnargötu, horft til suðvesturs í átt að Síðuhverfi.

Kort



Fornleif á svæði norðan Borgarbrautar.



Svæði vestan Síðubrautar. Engar fornleifar fundust á svæðinu.